Fundargerð ársfundar Festu lífeyrissjóðs 2026

Ársfundur Festu lífeyrissjóðs, haldinn mánudaginn 4. maí 2026, kl. 18:00, á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

Dagskrá fundarins, sem send var út til ársfundarfulltrúa með bréfi dags. 27. febrúar 2026 var eftirfarandi:

1. Fundur settur og kosning starfsmanna fundarins
2. Fundargerð síðasta ársfundar
3. Skýrsla stjórnar
4. Kynning á ársreikningi 2025
5. Kynning á tryggingafræðilegri úttekt
6. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins
7. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins
8. Starfskjarastefna til staðfestingar
9. Kosning stjórnar og varamanna
10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
11. Kosning fjögurra nefndarmanna í nefnd um laun stjórnarmanna
12. Ákvörðun launa stjórnarmanna
13. Kosning endurskoðanda
14. Kosning formanns endurskoðunarnefndar
15. Önnur mál

Með fundarboðum ársfundar hafði fylgt ársskýrsla Festu lífeyrissjóðs fyrir árið 2025, fundargerð ársfundar 2025, tillögur að starfskjarastefnu lífeyrissjóðsins og tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum lífeyrissjóðsins.

Til fundarins voru mætt úr stjórn sjóðsins: Halldór Kristinsson stjórnarformaður, Þór Hreinsson varaformaður, Steinþór Skúlason og Silja Eyrún Steingrímsdóttir meðstjórnendur. Forföll úr stjórn sjóðsins: Eyrún Jana Sigurðardóttir og Kristín Magnúsdóttir meðstjórnendur.
Auk þess voru mættir Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri sjóðsins, Baldur Snorrason forstöðumaður eignastýringar hjá sjóðnum og Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins. Jafnframt voru mættir fulltrúar aðildarfélaga/samtaka sjóðsins, auk starfsmanna sjóðsins.

1. Fundur settur og kosning starfsmanna fundarins
Halldór Kristinsson, stjórnarformaður Festu lífeyrissjóðs (hér eftir „**Festa**“ eða „**sjóðurinn**“), bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 18:00. Gengið var til kosninga um starfsmenn fundarins og kynnti Halldór tillögu stjórnar um Viðar Lúðvíksson lögmann sem fundarstjóra. Ekki komu fram aðrar tillögur um fundarstjóra og var Viðar því rétt kjörinn fundarstjóri, sem staðfest var með lófataki. Viðar tók því næst við stjórn fundarins og kynnti tillögu um Gauta Jónasson, lögfræðing Festu, sem fundarritara. Ekki bárust aðrar tillögur og var hann því rétt kjörinn fundarritari, sem staðfest var með lófataki. Fundarstjóri gerði grein fyrir að hann hefði kannað lögmæti fundarins, að til fundarins hefði verið boðað í samræmi við samþykktir sjóðsins og því löglega til hans boðað. Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort einhver gerði athugasemdir við hvernig staðið hefði verið að boðun til fundarins, en engar athugasemdir voru gerðar þar að lútandi. Fundarstjóri lýsti því fundinn lögmætan.
Var að því loknu gengið til dagskrár fundarins.

2. Fundargerð síðasta ársfundar
Fundargerð ársfundar frá 5. maí 2025 hafði verið send út til aðildarfélaga/samtaka fyrir ársfundinn. Fundarstjóri gaf orðið laust til umræðu og athugasemda um fundargerðina. Enginn kvaddi sér hljóðs. Fundargerðin var borin undir atkvæði fundarins og samþykkt án athugasemda.

3. Skýrsla stjórnar
Stjórnarformaður Festu lífeyrissjóðs, Halldór Kristinsson, flutti skýrslu stjórnar.

Fram kom að mikill órói hafi verið á verðbréfamörkuðum á síðasta ári, vegna aukinnar spennu í alþjóðaviðskiptum, tollastríðs og átaka í heiminum sem höfðu mikil áhrif á verðmyndum eigna. Ávöxtun erlendra hlutabréfa var þó að endingu góð þegar leið að lokum ársins, en innlend hlutabréf skiluðu neikvæðri raunávöxtun. Síðustu ár hafi verið erfið á innlendum hlutabréfamarkaði. Samspil verðbólgu, hárra stýrivaxta og lakari afkomu fyrirtækja í kauphöll hafi haft mest áhrif á þessa þróun. Verðbólga innanlands reyndist þrálát og var um 4% mestan hluta árs.
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar á árinu 2025 var jákvæð um 5,3%, en að teknu tilliti til 3,7% verðbólgu var hrein raunávöxtun jákvæð um 1,5%. Ávöxtun á innlendum hlutabréfum var slæm á árinu, en erlend hlutabréf skiluðu ágætri ávöxtun. Innlend skuldabréf sjóðsins skiluðu þokkalegri ávöxtun. Mikilvægt er að hafa í huga að lífeyrissjóðurinn er langtímafjárfestir og getur þolað skammtímasveiflur. Í þessu sambandi er vert að geta þess að meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu tíu ára er jákvætt um 3,4% og 4,1% síðustu fimmtán ára.
Tryggingafræðileg staða sjóðsins versnar á milli ára. Staðan var neikvæð um 2,6% í lok árs 2025, en var jákvæð um 0,2% í lok árs 2024. Staðan versnar aðallega vegna slakrar ávöxtunar eigna, en einnig vegna hækkunar réttindatöflu á árinu 2025 sem eykur framtíðarskuldbindingu, auk mikillar verðbólgu en skuldbindingar sjóðsins sem eru að fullu verðtryggðar.
Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris var í lok árs 2025 tæplega 347 milljarðar króna og jukust eignir sjóðsins um tæplega 27 milljarða króna eða um 8,3% m.v. lok árs 2024.
Iðgjöld síðasta árs án framlags til jöfnunar örorkubyrði námu rúmlega 18 milljörðum króna og hækkuðu um 5,7% frá fyrra ári. Mikill vöxtur var í hagkerfinu árin eftir Covid, en síðan hefur hægt á hagkerfinu. Til sjóðsins greiddu samtals 20.586 sjóðfélagar hjá 3.258 launagreiðendum. Virkir sjóðfélagar, þ.e. þeir sem greiða til sjóðsins í hverjum mánuði yfir tólf mánaða tímabil, voru 16.089 og fjölgaði þeim um 186 frá fyrra ári.
Samtals fengu 13.211 lífeyrisþegar greiddan lífeyri hjá sjóðnum á sl. ári og fjölgaði þeim um 447 frá fyrra ári, eða um 3,5%. Fjölgunin var mest í hópi barnalífeyrisþega, um 7,6%. Ellilífeyrisþegum fjölgaði um 3,7%, örorku-lífeyrisþegum um 2,2% og makalífeyrisþegum um 3,9%. Margir lífeyrisþegar njóta fleiri en einnar tegundar lífeyris.
Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar vegna ársins 2025, námu rúmlega 9,1 milljarði króna og hækkuðu um 10,5% á milli ára. Skýrist það aðallega af fjölgun lífeyrisþega, auknum uppsöfnuðum réttindum nýrra greiðsluþega en einnig vegna þess að lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar.
Lang stærsti hluti lífeyrisgreiðslna er ellilífeyrir, eða sem nemur 68,4%, en einnig vega örorkulífeyrisgreiðslur þungt eða um 27,9%. Hlutfall örorkulífeyris hefur farið lækkandi frá árinu 2014 þegar það var 34% af heildarlífeyrisgreiðslum en stendur nú í stað á milli ára. Mikilvægt er að hafa í huga samband hlutfalls lífeyrisbyrðar og hlutfalls örorkulífeyris. Lífeyrisbyrði Festu er lág eða 49,8%. Eftir því sem lífeyrisbyrðin þyngist og fleiri fara á ellilífeyri má gera ráð fyrir því að hlutfall örorkulífeyris lækki.
Afar mikilvægt er að vinna áfram að því og ná árangri í að draga úr nýgengi örorku og aðstoða örorkulífeyrisþega eins og kostur er við að ná aftur virkni til starfa. Athugun

tryggingastærðfræðinga á örorku- og endurhæfingartíðni sem framkvæmd var haustið 2024, bendir til þess að sú vinna hafi mögulega skilað árangri, þó áfram þurfi markvissar aðgerðir til framtíðar.
Lífeyrisbyrði, þ.e. lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum, var 49,8% á árinu 2025 samanborið við 47,4% árið áður. Lífeyrisbyrði sjóðsins lækkaði þó nokkuð á árunum fyrir Covid-19, enda var vöxtur iðgjalda verulega umfram vöxt lífeyrisgreiðslna á því tímabili. Lífeyrisbyrði fylgir hagsveiflu að stórum hluta en með öfugum formerkjum. Þannig lækkar lífeyrisbyrði þegar atvinnustig er hátt en hækkar þegar illa árar í hagkerfinu. Lífeyrisbyrði sjóðsins er lág í samanburði við lífeyrissjóði almennt. Til lengri tíma má búast við að lífeyrisbyrði sjóðsins aukist en hún mun áfram sveiflast í takt við hagsveiflur.
Á árinu 2025 greiddu 3.258 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins. Tuttugu stærstu launagreiðendur sjóðsins stóðu fyrir 31,8% af iðgjöldum. Icelandair ehf. var stærsti greiðandi til sjóðsins, með 5,2% allra iðgjalda, en Norðurál kemur næst á eftir með 3,9%. Festa lífeyrissjóður nýtur bæði góðrar landfræðilegrar dreifingar og nær til fjölda ólíkra atvinnugreina þegar litið er til iðgjaldatekna.
Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar, þ.e. nafnávöxtun að teknu tilliti til kostnaðar, var jákvæð um 5,3% á árinu 2025. Það samsvarar 1,5% í jákvæða hreina raunávöxtun þar sem verðbólga ársins var 3,7%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar í árslok var jákvætt um 1,3% og tíu ára meðaltal var jákvætt um 3,4%.
Festa rekur tvær séreignardeildir, tilgreinda séreignardeild og almenna séreignardeild. Á árinu 2025 greiddu alls 623 sjóðfélagar til almennrar séreignardeildar og 570 sjóðfélagar til tilgreindrar séreignardeildar. Í árslok áttu 6.471 sjóðfélagi réttindi í almennri séreignardeild og 1.028 sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild. Eignir þessara deilda eru fjárfestar sameiginlega. Hrein eign beggja séreignardeilda nam tæplega 2,2 milljörðum króna í árslok.
Sparnaðarleiðir í hvorri séreignardeild eru tvær, sparnaðarleið 1 og sparnaðarleið 2. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar 1 var jákvæð um 4,6%. Hrein nafnávöxtun sparnaðarleiðar 2 var jákvæð um 5,4% á árinu 2025.
Endurskoðunarnefnd sjóðsins starfar í samræmi við lög um ársreikninga. Hún er undirnefnd stjórnar og er skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi aðila sem jafnframt er löggiltur endurskoðandi. Formlegir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru sjö.
Hlutverk og tilgangur nefndarinnar er að leitast við að tryggja áreiðanleika og gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga, ásamt því að kanna óhæði endurskoðenda sjóðsins. Á árinu 2025 lét nefndin framkvæma verðkönnun á ytri endurskoðun sjóðsins. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits sjóðsins, innri endurskoðun og áhættustýringu. Nefndin gerir jafnframt tillögu til ársfundar um endurskoðendur sjóðsins.
Áherslur stjórnar á starfsárinu lutu að stefnumótun og uppfærslu megin stefnuskjala og innri reglna sjóðsins, auk mótunar fjárfestingastefnu og gerðar eigin áhættumats. Sérstök áhersla var á uppfærslu stefnuskjala sem tengjast rekstri upplýsingatæknikerfa í ljósi lögleiðingar nýrrar löggjafar um stafrænan viðnámsþrótt í ársbyrjun 2026. Jafnframt framkvæmdi stjórnin sjálfsmat á störfum sínum í samstarfi við ráðgjafa, auk þess að sinna frammistöðumati á störfum framkvæmdastjóra.
Stjórn var nú sem fyrr samhent í sínum störfum. Formlegir fundir stjórnar á starfsárinu voru 14 en auk þess hafa stjórnarmenn og framkvæmdastjóri samband á milli formlegra funda þegar tilefni er til. Formaður og varaformaður funda ávallt með framkvæmdastjóra einu sinni í mánuði í aðdraganda stjórnarfunda. Tveir fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu, að hausti og að vori í samræmi við samþykktir sjóðsins. Með tilkomu fulltrúaráðsfunda hefur upplýsingaflæði á milli stjórnar og fulltrúa í fulltrúaráði sjóðsins batnað mjög.
Starfsemi Festu hefur gengið vel á því starfsári sem nú er að líða. Afkoma af eignum sjóðsins á árinu 2025 var vissulega slök, en það á við um flesta lífeyrissjóði, enda miklar sveiflur á verðbréfamörkuðum á árinu. Tryggingafræðileg staða versnar lítillega en er þó vel innan ramma

laga. Ávallt er vert að hafa í huga að sjóðurinn er langtímafjárfestir, en meðaltal hreinnar raunávöxtunar sjóðsins undanfarin 15 ár er 4,1%, sem er vel yfir því 3,5% viðmiði sem notað er sem forsenda um vöxt eigna og skuldbindinga.
Að lokum kom fram í máli Halldórs að Festa lífeyrissjóður ætti 20 ára afmæli á þessu vori. Frá stofnun sjóðsins hafi Gylfi Jónasson gegnt stöðu framkvæmdastjóra sjóðsins. Gylfi stýrði áður Lífeyrissjóði vesturlands um fimm ára skeið. Gylfi hafi ákveðið að stíga til hliðar á árinu en muni engu að síður verða nýjum framkvæmdastjóra innan handar fram á mitt næsta ár. Fyrir hönd stjórnar þakkaði hann Gylfa fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti í gegnum árin. Jafnframt þakkaði hann fulltrúum í undinefndum fulltrúaráðs og stjórnar, fulltrúaráðsmönnum, sjóðfélögum og starfsmönnum fyrir samskiptin á liðnu starfsári.
Að lokinni skýrslu stjórnar tók fundarstjóri til máls og lagði til að umræður um lið 3 (skýrslu stjórnar) og lið 4 (kynningu á ársreikningi 2025) yrðu teknar sameiginlega eftir kynningu á ársreikningi.
Enginn hreyfði við mótmælum og því var gengið til næsta dagskrárliðar.

4. Kynning á ársreikningi 2025
Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri sjóðsins, kynnti ársreikning sjóðsins fyrir árið 2025. Helstu niðurstöðutölur voru: Iðgjöld: 18.833 m.kr., lífeyrir: 9.311 m.kr., hreinar fjárfestingatekjur: jákvæðar um 17.545 m.kr., rekstrarkostnaður: 501 m.kr., hækkun á hreinni eign: 26.566 m.kr. og hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris: 346.544 m.kr.
Gylfi fór jafnframt yfir helstu kennitölur samtryggingardeildar og séreignardeildar. Hann fór síðan sérstaklega yfir mikilvægar skýringar í ársreikningi. Í máli hans kom sérstaklega fram að rekstrarkostnaður sjóðsins væri með ágætum m.v. aðra samanburðarhæfa sjóði. Þar sem ársreikningurinn telst fylgiskjal með fundargerðinni er frekari tilvitnunum í ársreikninginn sleppt í þessari bókun.
Að kynningu lokinni gat fundarstjóri þess að ársreikningur væri einungis kynntur en ekki borinn undir atkvæði og gaf orðið laust.
Enginn kvaddi sér hljóðs.

5. Kynning á tryggingafræðilegri úttekt
Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins tók til máls og fór yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Benedikt gerði einnig grein fyrir hugtökunum/hlutföllunum áfallin staða og framtíðar staða í tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða, auk sögulegrar þróunar þessara hlutfalla. Benedikt fór yfir tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðsins m.v. 31.12.2025. Úttektin sýndi að heildarstaða sjóðsins var neikvæð um 2,6% en var jákvæð árið á undan um 0,2%. Áfallin staða var neikvæð um 4,3% en var neikvæð árið á undan um 2,1%. Framtíðarskuldbinding var neikvæð um 0,6% en var jákvæð árið á undan um 3,0%. Benedikt fór ítarlega yfir forsendur útreikninga á tryggingafræðilegu mati á stöðu sjóðsins og ítrekaði þá þætti sem skipta máli í því sambandi. Í máli hans kom m.a. fram að það væri mikilvægt að bæði áfallin staða og framtíðarstaða væri sem næst 0%. Ef áfallin staða væri neikvæð, væri verið að borga of mikið út úr sjóðnum og öfugt ef áfallin staða væri jákvæð. Sömuleiðis ef framtíðarstaða værir neikvæð, þá væru sjóðfélagar að afla sér of mikilla réttinda og öfugt ef staðan væri jákvæð, þá væru sjóðfélagar ekki að fá þau réttindi sem framtíðarstaðan segði til um. Þrátt fyrir það væri eðlilegt að skekkjumörk á báðum mælikvörðum væru um 1%. Að lokinni kynningu sinni þakkaði Benedikt Gylfa fyrir afar farsælt samstarf og taldi hann vera með áhugasömustu framkvæmdastjórum landsins um tryggingafræðileg málefni.
Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust.
Til máls tók Hörður Guðbrandsson frá Verkalýðsfélagi Grindavíkur. Hann óskaði eftir upplýsingum frá Benedikt um hvort það hafi verið gerður samanburður eða úttekt á milli lífeyrissjóða um hvort réttindi sem eru greidd út séu í réttu hlutfalli við laun og greidd iðgjöld

og þá hvort það væri munur á milli sjóða. Benedikt svaraði því til að svo væri ekki, þ.e. að slík skoðun hafi ekki verið framkvæmd með fullnægjandi hætti. Vissulega hafi verið gerðar tilraunir til þess en það hafi iðulega verið framkvæmt með villandi hætti. Í svari Benedikts kom jafnframt fram að erfitt væri að framkvæma slíkan samanburð í ljósi mismunandi örorkubyrði sjóða. Það væri afar mikilvægt að fulltrúar gerðu sér grein fyrir því að það væri slæmt fyrir sjóði þegar örorka er há. Gylfi Jónasson tók því næst til máls og bætti við svar Benedikts. Í máli Gylfa fór hann yfir þróun lágmarkstryggingarverndar og hvernig hún hafi breyst á undanförnum árum. Allir lífeyrissjóðir þyrftu að uppfylla lagaskilyrði lágmarkstryggingarverndar. Það væri hins vegar mikilvægt í því samhengi að hafa í huga að lágmarkstryggingarvernd miðar við meðaltal launa starfsævinnar en ekki þeirra launa sem einstaklingar eru með þegar farið er á eftirlaun.
Til máls tók Ísak Einar Rúnarsson frá Samtökum atvinnulífsins. Hann óskaði eftir frekari upplýsingum um aldursháða réttindaöflun og jafna öflun réttinda. Þá nánar tiltekið af hverju sumir í ákveðnum árgöngum væru á aldursháðri ávinnslu en aðrir á jafnri ávinnslu réttinda. Benedikt svaraði því til að þeir sem voru að greiða í jöfnu ávinnsluna á þeim tíma sem hún var við lýði höfðu haft rétt til að halda þeirri réttindaávinnslu áfram á grundvelli þeirra launa sem viðkomandi var með á þeim tíma. Því næst tók hann tilbúið dæmi um sjóðfélaga sem hafði kr. 400.000,- í laun við breytinguna úr jafnri ávinnslu yfir í aldursháða ávinnslu. Sá einstaklingur hafði rétt til að halda jafnri ávinnslu m.v. kr. 400.000,- fram til eftirlaunaaldurs en með hækkandi launum færi það sem er umfram í aldursháða ávinnslu. Því væru einstaklingar innan ákveðinna árganga sem væru með hluta af sínum launum í jafnri ávinnslu og aðrir sem höfðu ekki hafið greiðslur í sjóðinn fyrr en eftir breytingu í aldursháða ávinnslu. Þar af leiðandi væru sumir í aldursháðri og aðrir í jafnri ávinnslu á glærum sem fylgdu kynningu Benedikts.
Að umræðum loknum gaf fundarstjóri orðið aftur laust.
Engir fleiri kvöddu sér hljóðs.

6. Kynning á fjárfestingarstefnu sjóðsins
Fundarstjóri gaf Baldri Snorrasyni forstöðumanni eignastýringar sjóðsins orðið og lagði til að dagskrárliðir 6. og 7. yrðu teknir fyrir saman. Engar mótbárur bárust frá fundarmönnum. Því næst hóf Baldur mál sitt, kynnti og fór ítarlega yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2026. Fram kom að með fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðs væri tekin ákvörðun um hvernig eignasamsetning lífeyrissjóðs eigi að vera. Þar er ákveðið hve mikið hlutfall eigi að jafnaði að vera í einstökum eignaflokkum, t.d. erlendum hlutabréfum, skuldabréfum og innlendum hlutabréfum. Í máli hans kom m.a. fram að mismunandi áhætta fælist í mismunandi fjárfestingarkostum og fjárfestingarstefna lífeyrissjóðs réði því mestu um fjárhagslega áhættu hans. Jafnframt kom fram að fjárfestingum lífeyrissjóðs væru settar takmarkanir í lögum um lífeyrissjóði. Þær takmarkanir kynnu að taka breytingum í haust, yrði nýtt frumvarp um lífeyrissjóði samþykkt á Alþingi, sem varðar innleiðingu sanngirnisreglunnar í meira mæli. Ef svo yrði hefði lífeyrissjóður frekari heimildir til þess að móta sína fjárfestingastefnu en í dag. Í forsendum fjárfestingarstefnu er horft til tryggingafræðilegrar stöðu, áætlaðs greiðsluflæðis, líftíma (meðaltíma) skuldabréfasafns, áætlaðrar þróunar lífeyrisbyrði, aldurssamsetningar sjóðsfélaga og núverandi eignasamsetningar, auk annarra þátta. Fjárfestingarstefna er sett fram árlega en horft er til lengri tíma við gerð hennar og vegna þess gæti tekið langan tíma að ná öllum eignaflokkum í samræmi við stefnuna og því eru stundum frávik. Í máli hans kom fram að frávik undir 1% teljast óveruleg en til að átta sig á umfangi slíkra frávika tók hann sem dæmi að slíkt frávik nemur rúmum 3 milljörðum íslenskra króna í tilviki samtryggingardeildar Festu. Baldur fór því næst yfir frávikin og útskýrði ítarlega hvaða ástæður lægju að baki þeim. Fjárfestingarstefna er einn þýðingarmesti þáttur í áhættustefnu og áhættustýringu sjóðsins. Í máli Baldurs fór hann yfir breytingar sem höfðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu 2026. Dregið væri úr vægi ríkisskuldabréfa um 1%, skuldabréfum sveitarfélaga um 1% og skuldabréfum sérhæfðra sjóða um 2%. Á móti því væri vægi erlendra hlutabréfa aukið um 1%, sértryggðra

skuldabréfa banka um 1%, skuldabréf félaga um 1% og skuldabréf sérhæfðra sjóða um 1%. Heilt yfir gengi vel hjá sjóðnum að halda sig innan vikmarka fjárfestingarstefnu.
Að kynningu lokinni var dagskrárliður 7 tekinn fyrir í beinu framhaldi og beðið með umræður þar til að lokinni yfirferð yfir hluthafastefnu sjóðsins.

7. Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins
Baldur Snorrason forstöðumaður eignastýringar sjóðsins gerði grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins og fór ítarlega yfir helstu þætti hennar sem og samskipti sjóðsins við stjórnendur og stjórnir félaga sem sjóðurinn hefur fjárfest í. Fram kom að Festa lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem leitast m.a. að ná góðri ávöxtun, vera ábyrgur hluthafi ásamt því að stuðla að framþróun starfshátta innan fyrirtækja og á hlutabréfamarkaði. Sjóðurinn gerir kröfu um að fyrirtæki sem hann fjárfestir í sýni ábyrgð í störfum sínum, gæti að UFS-þáttum og starfi að jafnaði skv. viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá hvetur sjóðurinn sérstaklega til virkrar samkeppni og ábyrgðar gagnvart samkeppnislögum. Í máli Baldurs kom m.a. fram að á liðnu ári, í takt við hluthafastefnuna, hafi Festa hafnað óskýrri starfskjarastefnu, hafnað kaupaukakerfum vegna óskýrra skilmála, kosið gegn framboðum til stjórnar í þeim tilfellum þar sem aðilarnir sitji í framkvæmdastjórn annarra kauphallarfélaga, stutt tillögur annarra hluthafa um hófsemi í launasetningu og greitt atkvæði gegn arðgreiðslum í tveimur tilfellum þar sem talið var að viðkomandi félag væri ekki nægilega vel statt til að standa undir slíkum greiðslum, ásamt fleiri atriðum. Baldur fór yfir og útskýrði fyrir fundarmönnum hvernig ferlið við val við kosningu á frambjóðendum til stjórnar hlutafélaga færi fram innan Festu. Að lokinni kynningu Baldurs greindi fundarstjóri frá því að ársfundur greiddi ekki atkvæði um hluthafastefnu sjóðsins, heldur væri það stjórn sjóðsins sem samþykkti hana.
Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust um dagskrárliði 6 og 7. Enginn kvaddi sér hljóðs.

8. Starfskjarastefna til staðfestingar
Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir starfskjarastefnu sjóðsins og fór ítarlega yfir hana. Fram kom í máli hans að ekki væri lögð fram breyting á starfskjarastefnunni í ár og því væri starfskjarastefna sjóðsins sem samþykkt var á ársfundi 2025 lögð fram til staðfestingar. Gylfi fór yfir innihald og markmið starfskjarastefnunnar.
Að kynningu lokinni gaf fundarstjóri orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.
Gengið var til atkvæðagreiðslu um starfskjarastefnu Festu lífeyrissjóðs. Starfskjarastefna sjóðsins var samþykkt án mótatkvæða.

9. Kosning stjórnar og varamanna
Fundarstjóri gerði grein fyrir niðurstöðum tilnefninganefnda sjóðsins. Frá tilnefninganefnd Samtaka atvinnulífsins (SA) var tilkynnt um eftirfarandi tilnefningar:

- Aðalmaður til tveggja ára, eða til 2028: Halldór Kristinsson
- Aðalmaður til tveggja ára, eða til 2028: Sara Lind Guðbergsdóttir

Þar sem um tilnefningu SA var að ræða voru Halldór og Sara rétt kjörin aðalmenn í stjórn Festu lífeyrissjóðs.
Frá tilnefningarnefnd stéttarfélaga var tilkynnt um eftirfarandi tilnefningar:

- Aðalmaður til tveggja ára, eða til 2028: Þór Hreinsson
- Varamaður til tveggja ára, eða til 2028: Anna Á. Halldórsdóttir

Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort aðrar tillögur væru til stjórnar. Ekki bárust aðrar tillögur og var Þór einróma kjörinn aðalmaður í stjórn Festu lífeyrissjóðs og Anna einróma kjörin varamaður í stjórn Festu lífeyrissjóðs til ársfundar 2028.

10. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Til máls tók Gylfi Jónasson framkvæmdastjóri sjóðsins sem gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum stjórnar Festu er lúta að breytingum á samþykktum sjóðsins:

Tillögur að breytingum á neðangreindum greinum samþykkta Festu lífeyrissjóðs eru auðkenndar með rauðum lit og það sem fellur út er auðkennt með ~~**yfirstrikun**~~. Skýringar við greinar sem taka breytingum eru auðkenndar með *skáletrun* í sér málsgreinum.

Tillaga til breytinga á 12. tölul. greinar 5.8.

5.8. Á dagskrá skulu vera eftirtaldir dagskrárliðir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Kynning ársreiknings.

[…]

12. Kjör utanaðkomandi aðila í endurskoðunarnefnd ~~Kosning formanns endurskoðunarnefndar~~

[…]

Greinargerð með tillögu um breytingu á 12. tölul. gr. 5.8:
12. tölul. gr. 5.8. kom til í kjölfar lagabreytinga árið 2024. Við 2. mgr. 108. gr. a. laga nr. 3/2006 um ársreikninga sem fjallar um skipun endurskoðunarnefndar eininga tengda almunahagsmunum bættist sú krafa að sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skyldi hann tilnefndur af aðalfundi og jafnframt skyldi formaður nefndarinnar vera óháður einingunni og skipaður af nefndarmönnum eða stjórn einingarinnar. Samkvæmt starfsreglum endurskoðunarnefndar Festu lífeyrissjóðs skal nefndin kjósa sér formann.
Tillaga að nýju orðalagi er talinn falla betur að lögum og starfsreglum endurskoðunarnefndarinnar.

Tillaga til breytinga á grein 9.12.

9.12. Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. 18. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að ávinnsla nýrra réttinda og lífeyrir vegna geymdra réttinda hækki á komandi ári um sama hundraðshluta eins og nánar er tilgreint hér:

a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga í samræmi við Töflu 3~~2~~ í Viðauka B. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.

b. Greiða skal viðbótarlífeyri til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega í samræmi við Töflu 3~~2~~ í Viðauka B. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal auðkenndur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skulu hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins.
Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótar ávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðsstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykkta lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum skv. a. og b. lið hér að framan.

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 9.12:

Grein 9.12. í samþykktum sjóðsins fjallar um ráðstöfun örorkuframlagsins. Á ársfundi árið 2023 var samþykkt nýtt fyrirkomulag um nýtingu örorkuframlagsins og samþykkt að lækka hlutfallslega viðbót lífeyrisþega til framtíðar þar sem stór hluti lífeyrisþega hafði unnið sér tvöfalda hækkun á sinn lífeyri, bæði vegna iðgjalda og lífeyris um langt skeið. Breytingin var gerð í skrefum til þess að lífeyrisþegar sjóðsins yrðu fyrir sem minnstum áhrifum lækkunarinnar. Framlagið yrði því nýtt til framtíðar skv. töflu í Viðauka B, með þeim fyrirvara að staða framlagsins skyldi ávallt vera í jafnvægi.
Á ársfundi árið 2025 var töflunni breytt með vísan til þess að í greininni kemur m.a. fram að tryggingastærðfræðingur sjóðsins skuli árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. greininni miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótar ávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni.
Lagt er til að breyta greininni aftur þar sem tryggingastærðfræðingur sjóðsins, með vísan til framangreinds, hefur lagt til breytingar á nýtingu framlagsins og því þörf á nýrri töflu, sbr. breytingatillögu á Viðauka B. Aðeins er um að ræða breytingu á tilvísun í greininni enda nauðsynlegt að vísa til réttrar töflu í Viðauka B.

Tillaga til breytinga á grein 12.3.

12.3. Réttur til örorkulífeyris stofnast því aðeins að sjóðfélagi hafi orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. gr. 14.4. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Við mat á því hvort tekjuskerðing hafi orðið skal úrskurða sjóðfélaganum viðmiðunartekjur, sem skulu vera meðaltal tekna sjóðfélaga síðustu fjögur almanaksár fyrir orkutapið, sbr. a) lið gr. 12.6. um framreikning. Heimilt er að miða við meðaltal tekna síðustu 3 almanaksárin fyrir orkutapið vegna sjóðfélaga sem fengið hefur úrskurðaðan örorkulífeyri fyrir 1. janúar 2006 sbr. einnig a) lið gr. 12.6. Frá úrskurðardegi skulu viðmiðunartekjurnar taka þeim breytingum sem verða á vísitölu neysluverðs ~~launavísitölu~~. Við útreikning tekjumissis skal tekið tillit til atvinnutekna örorkulífeyrisþegans, lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum og öðrum lífeyrissjóðum og kjarasamningsbundinna tryggingabóta sem hann nýtur vegna örorkunnar. Í úrskurði um lífeyri skal greina hvaða launatekjur eru lagðar til grundvallar útreikningi, svo sjóðfélaga megi vera ljóst við hvaða mörk lækkun örorkulífeyris vegna tekna er miðað. Þá er örorkulífeyrisþegum skylt að upplýsa sjóðinn um breytingar á högum sínum að því marki sem þær kunna að hafa áhrif á rétt til greiðslu lífeyris eða fjárhæð hans, svo sem er varðar heilsufar eða tekjur ~~Örorkulífeyrisþega er skylt að veita sjóðnum upplýsingar um tekjur sínar skv. launaframtali, sé þess óskað~~. Heimilt er að fresta eða fella niður greiðslur lífeyris, veiti sjóðfélagi ekki umbeðnar upplýsingar.

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 12.3:

Lagðar eru fram tvær tillögur til breytinga á greininni. Annars vegar er lagt til að viðmiðunartekjur taki breytingum m.v. vísitölu neysluverðs í stað launavísitölu. Samþykktir sjóðsins miða að öllu leyti við vísitölu neysluverðs að undanskildri gr. 12.3. Talið er réttast að allar skuldbindingar sjóðsins og öll réttindi sjóðfélaga sem taka mið af vísitölum, miði við sömu vísitöluna.
Hins vegar er lögð til breyting á orðalagi við upplýsingaskyldu örorkulífeyrisþega um tekjur sínar. Núverandi orðalag miðar að því að örorkulífeyrisþegi skuli veita upplýsingar skv. launaframtali sé þess óskað af sjóðnum. Í reynd óskar sjóðurinn ávallt eftir upplýsingum um breytingar á tekjum eða heilsufari örorkulífeyrisþega og þá ekki einungis á grundvelli launaframtals. Ný útgáfa af greininni er talinn skýrari varðandi raunverulega framkvæmd á eftirfylgni örorkulífeyrisgreiðslna, ásamt því að falla betur að heimildum lífeyrissjóða til að setja nánari skilyrði í samþykktir sínar fyrir greiðslu hans.

Tillaga til breytinga á grein 13.4.

13.4. Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67~~5~~ ára.

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 13.4:
Lagt er til að hámarksaldur skv. greininni verði hækkaður úr 65 ára í 67 ára til samræmis við almennan ellilífeyrisaldur skv. samþykktum sjóðsins.

Tillaga til breytinga á grein 18.3.

18.3. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Örorku- og makalífeyri skal ekki greiða lengur aftur í tímann en tvö ár frá því að umsókn barst sjóðnum. Ellilífeyrir er greiddur eftir að umsókn berst til sjóðsins og greiðist ekki aftur í tímann. ~~Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.~~ Úrskurður skv. þessu skal þá miðast við réttindareglur eins og þær hafa verið á umræddu tímabili og lífeyrir skv. verðlagi hvers tímabils. Vextir greiðast ekki á lífeyrisgreiðslur. Lífeyrir skv. umsókn um töku ellilífeyris fyrir hinn almenna ellilífeyrisaldur sbr. gr. 11.3. og 10.5. greiðist þó fyrst frá upphafi þess mánaðar er umsókn berst sjóðnum.

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 18.3:
Lagt er til að ellilífeyrir verði ekki greiddur aftur í tímann. Eðlilegt þykir, þar sem við frestun töku ellilífeyris, ávinnur sjóðfélagi sér aukin réttindi skv. frestunarákvæðum samþykkta, að ekki sé hægt að draga slíka ákvörðun til baka. Sambærilegt ákvæði er að finna í samþykktum margra lífeyrissjóða.

Tillaga til breytinga á Ákvæði 1 til bráðabirgða.

Ákvæði 1 til bráðabirgða:

Á árunum 2023-2030~~25~~ skal margfalda niðurstöðu framreiknings réttinda skv. grein 12.6. með stuðlinum úr eftirfarandi töflu fyrir þá sem úrskurðaðir verða á örorkulífeyri á hverju ári um sig:

Árið 2023 1,06

Árið 2024 1,04

Árið 2025 1,02

Eftir 2025 verður framreikningur réttinda þar sem réttindamánuður orkutaps er frá 1. janúar 2026 og síðar, í samræmi við grein 12.6~~ og þessi grein fellur brott~~.

Greinargerð með brottfellingu ákvæði 1 til bráðabirgða:
Á árinu 2022 var ákvæðinu bætt við í samþykktir sjóðsins til þess að innleiða breytingar á réttindatöflu gagnvart örorkulífeyrisþegum í skrefum, þar sem nokkur munur kunni að vera á milli ára þegar breytingarnar voru innleiddar. Nú hefur ákvæðið runnið sitt skeið en enn úrskurðað m.v. framangreind tímabil.
Það þykir því réttast og sanngjarnast að halda margföldunarstuðlinum í nokkur ár og framlengja gildistíma ákvæðisins, þar sem það kunna enn að koma upp tilvik þar sem réttindamánuður orkutaps er innan framangreindra tímabila. Ákvæðið verður brottfellt þegar áhrifa vegna þess gætir ekki lengur.

Tillaga til breytinga á Töflu II Viðauka A.

Tafla II: Breyting ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir eða eftir 67 ára aldur

Hækkunar og lækkunarstuðlar

Aldur	Margfeldisstuðull	~~Prósentubreyting~~	Prósentubreyting	Breyting per mán
60	0.629	~~37.1%~~	-37,20%	-0.32%
61	0.668	~~33.2%~~	-33,36%	-0.36%
62	0.711	~~28.9%~~	-29,04%	-0.39%

63	0.758	~~-24.2%~~	-24,36%	-0.43%
64	0.809	~~-19.1%~~	-19,20%	-0.48%
65	0.866	~~-13.4%~~	-13,44%	-0.53%
66	0.929	~~-7.1%~~	-7,08%	-0.59%
67	1	-	0,00%	
68	1.079	~~7.9%~~	7,92%	0.66%
69	1.168	~~16.8%~~	16,80%	0.74%
70	1.269	~~26.9%~~	26,88%	0.84%
71	1.383	~~38.3%~~	38,28%	0.95%
72	1.514	~~51.4%~~	51,36%	1.09%
73	1.665	~~66.5%~~	66,48%	1.26%
74	1.840	~~84.0%~~	84,00%	1.46%
75	2.045	~~104.5%~~	104,52%	1.71%
76	2.286	~~128.6%~~	128,64%	2.01%
77	2.573	~~157.3%~~	157,32%	2.39%
78	2.917	~~191.7%~~	191,76%	2.87%
79	3.335	~~233.5%~~	233,52%	3.48%
80	3.846	~~284.6%~~	284,64%	4.26%

Greinargerð með tillögu um breytingar á Töflu II Viðauka A:
Breytingin felur í sér nákvæmari framsetningu á flýtingar- og frestunarstuðlum en nú er raunin. Hún hefur engin áhrif á úrskurði lífeyris þar sem réttindakerfið er að reikna stuðlana rétt. Framsetning í samþykktum var örlítið ónákvæm. Breytingin auðveldar mannlega yfirferð á vélrænum úrskurðum.

Tillaga til breytinga á Viðauka B

Ráðstöfun örorkuframlags 2026:

a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga í samræmi við Töflu 3 í Viðauka B. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.

b. Greiða skal viðbótarlífeyri í samræmi við Töflu 3 í Viðauka B til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal auðkenndur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Tafla 3

Ár	Lífeyrishækkanir	Réttindahækkanir
2026	2,0%	4,2%
2027	1,5%	3,8%
2028	1,0%	4,0%
2029	0,5%	4,3%
2030 og síðar	0,0%	4,5%

Greinargerð með tillögu um breytingu á Viðauka B:
Breytingin felur í sér framangreinda viðbót við Viðauka B. Ofangreind tafla er sett fram m.v. áætlað framlag til jöfnunar örorkubyrði á árinu 2026. Framlagið er háð nokkurri pólitískri óvissu og er tillagan sett fram miðað við núverandi stöðu framlagsins. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með tillögu um breytingu á gr. 9.12.

Að kynningu Gylfa lokinni gaf fundarstjóri orðið laust.
Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri fór yfir fyrirhugaða framkvæmd atkvæðagreiðslunnar, þar sem kosið yrði um hverja tillögu fyrir sig og að breytingar á samþykktum sjóðsins öðlist aðeins gildi séu þær samþykktar með að minnsta kosti 2/3 hlutum atkvæða fulltrúa á ársfundi sjóðsins ásamt því að hljóta staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Enginn mótmælti fyrirhugaðri framkvæmd atkvæðagreiðslu.
Því næst var gengið til atkvæðagreiðslu um tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til breytinga á 12. tölul. gr. 5.8. í samþykktum sjóðsins. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins án mótatkvæða og enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Fundastjóri lýsti tillöguna samþykkta.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til breytinga á gr. 9.12. í samþykktum sjóðsins. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins án mótatkvæða og enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Fundastjóri lýsti tillöguna samþykkta.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til breytinga á gr. 12.3. í samþykktum sjóðsins. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins án mótatkvæða og enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Fundastjóri lýsti tillöguna samþykkta.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til breytinga á gr. 13.4. í samþykktum sjóðsins. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins án mótatkvæða og enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Fundastjóri lýsti tillöguna samþykkta.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til breytinga á gr. 18.3. í samþykktum sjóðsins. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins án mótatkvæða og enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Fundastjóri lýsti tillöguna samþykkta.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til breytinga á Ákvæði 1 til bráðabirgða í samþykktum sjóðsins. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins án mótatkvæða og enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Fundastjóri lýsti tillöguna samþykkta.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til breytinga á Töflu II Viðauka A í samþykktum sjóðsins. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins án mótatkvæða og enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Fundastjóri lýsti tillöguna samþykkta.

Fundarstjóri bar upp tillöguna til breytinga á Viðauka B í samþykktum sjóðsins. Tillagan var samþykkt með öllum atkvæðum fundarins án mótatkvæða og enginn sat hjá við atkvæðagreiðsluna. Fundastjóri lýsti tillöguna samþykkta.

Tillögur stjórnar Festu til breytinga á samþykktum sjóðsins töldust því allar samþykktar í heild sinni með fyrirvara um staðfestingu fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

11. Kosning fjögurra nefndarmanna í nefnd um laun stjórnarmanna
Fundarstjóri kynnti tillögu stéttarfélaga um Ólaf S. Magnússon og Guðrúnu Elínu Pálsdóttur sem fulltrúa stéttarfélaga í starfskjaranefnd til eins árs, þ.e. til ársfundar 2027. Fundarstjóri gerði grein fyrir tilnefningu SA um Rósu Guðmundsdóttur og Bergstein Einarsson sem fulltrúa SA í starfskjaranefnd til eins árs, þ.e. til ársfundar 2027.
Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs og ekki komu fram aðrar tillögur um fulltrúa í starfskjaranefnd. Voru Guðrún og Ólafur því rétt kjörnir fulltrúar stéttarfélaga í starfskjaranefnd sjóðsins til ársfundar 2027 og Rósa og Bergsteinn því rétt kjörnir fulltrúar SA í starfskjaranefnd sjóðsins til ársfundar 2027.

12. Ákvörðun launa stjórnarmanna
Fundarstjóri gaf Gylfa Jónassyni orðið sem las upp og kynnti tillögur starfskjaranefndar Festu um laun stjórnar fyrir starfsárið 2026-2027. Í máli Gylfa kom fram að Festa lífeyrissjóður hefði á undanförnum árum dregist aftur úr í samanburði við aðra sambærilega lífeyrissjóði hvað varðar laun stjórnarmanna. Í máli hans kom fram að starfskjaranefnd hefði komist að þeirri niðurstöðu að rétt væri að leiðrétta þann launamismun sem upp væri kominn en nefndin teldi jafnframt réttast að gera það í skrefum. Á fundum nefndarinnar undanfarin ár hafi það verið rætt að breyta álagi til formanns og varaformanns í skrefum enda er hlutfall álags lægra hjá Festu en öðrum samanburðarhæfum sjóðum. Tillaga starfskjaranefndar var svohljóðandi:

> *„Föst mánaðarlaun 87.384 kr. Fyrir hvern setinn fund 76.384 kr. Álag til formanns 90% og varaformanns 45%. Varamenn 76.384 kr. fyrir hvern setinn fund.“*

Einnig lá fyrir fundinum tillaga starfskjaranefndar um þóknun til stjórnar vegna undirbúnings fyrir hæfispróf fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands sem var svohljóðandi:

> *„Starfskjaranefnd Festu lífeyrissjóðs leggur til að stjórnarmanni verði greitt sem svarar til tveggja mánaðarlauna fyrir undirbúning fyrir hæfispróf hjá Fjármálaeftirlitinu. Er þá miðað við að mánaðarlaun endurspegli föst mánaðarlaun auk eins setins stjórnarfundar.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

Gengið var til atkvæðagreiðslu um tillögur starfskjaranefndar. Fundarstjóri lagði til að greidd yrðu atkvæði um tillögurnar í einu lagi. Enginn mótmælti fyrirhugaðri framkvæmd atkvæðagreiðslu. Voru tillögurnar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum að undanskildu einu mótatkvæði. Fundarstjóri lýsti tillögurnar samþykktar.

13. Kosning endurskoðanda
Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar til ársfundar um endurskoðanda á reikningum Festu lífeyrissjóðs fyrir árið 2026. Tillagan byggði á tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins til stjórnar.

Fundarstjóri las upp tillögu stjórnar sem var svohljóðandi:

> *„Ársfundur Festu lífeyrissjóðs, haldinn 4. maí 2026, leggur til að endurskoðunarskrifstofa PricewaterhouseCoopers ehf. sjái um ytri endurskoðun á reikningum sjóðsins fyrir árið 2026.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn tók til máls. Gengið var til atkvæðagreiðslu um tillögu stjórnar. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

14. Kosning formanns endurskoðunarnefndar
Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu til utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd sjóðsins. Fyrir fundinum lá tillaga um að Kristinn Bjarnason yrði áfram utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd sjóðsins fyrir starfsárið 2026-2027. Í tillögunni kom fram að Kristinn Bjarnason hafi verið nefndarmaður í endurskoðunarnefnd sjóðsins um árabil og hann komi inn í nefndina sem utanaðkomandi aðili með sérfræðiþekkingu í reikningshaldi og endurskoðun.
Fundarstjóri gaf því næst orðið laust. Enginn tók til máls.
Gengið var til atkvæðagreiðslu um tillöguna. Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

15. Önnur mál
Fundarstjóri gaf orðið laust fyrir fundargesti.
Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri þakkaði fundargestum fyrir þolinmæðina og gaf Halldóri Kristinssyni, stjórnarformanni sjóðsins, orðið og afhenti honum jafnframt stjórn fundarins aftur. Þakkaði Halldór starfsmönnum fundarins fyrir þeirra störf, ársfundarfulltrúum fyrir komuna, Kristínu Magnúsdóttur fyrir samstarfið undanfarin ár og sleit fundi.

Fleira var ekki gert og var fundinum slitið kl. 19:55.

Fundargerð þessi er þrettán (13) blaðsíður auk undirritunarsíðu vegna rafrænnar undirritunar.
Fundargerð ritaði Gauti Jónasson.

Viðar Lúðvíksson lögmaður, fundarstjóri	Gauti Jónasson, fundarritari

Undirritunarsíða

Fundarstjóri
Viðar Lúðvíksson

Undirritað af:
Viðar Lúðvíksson
1512723049
Dags: 07.05.2026
Tími: 09:38:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fd7aeb04-9797-4bf5-a6f0-3223194c2c9e

Fundarritari
Gauti Jónasson

Undirritað af:
Gauti Jónasson
2409942249
Dags: 07.05.2026
Tími: 08:30:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: fd7aeb04-9797-4bf5-a6f0-3223194c2c9e